



## Markmið og verkefni Breiðabliks á nýrri öld

Á fyrra helmingi tíunda áratugar tuttugustu aldar var unnin stefnumótun fyrir Breiðablik, auk markmiðssetningar í framhaldi af henni. Segja má að markmið félagsins hafi staðist tímans tönn og að áfram sé unnt að byggja starf félagsins á þeim. Varðandi leiðir og fyrirliggjandi verkefni, þá hefur mörgum þeirra verið skilað í örugga höfn og önnur verkefni komið í staðinn. Því hefur aðalstjórn Breiðabliks í samvinnu við deildarstjórnir ráðist í endurskoðun þess hluta með tilliti til nýrra aðstæðna á nýrri öld.

### Tilgangur

Tilgangur Breiðabliks er að veita Kópavogsbúum á öllum aldri þjónustu og aðstöðu til íþróttaiðkunar og tómstundastarfs. Sérstök áhersla er lögð á íþrótt- og uppeldisstarf með börnum og unglíngum til að stuðla að heilbrigðu líferni og félagsþroska.

### Framtíðarsýn

Það er framtíðarsýn stjórnenda Breiðabliks að félagið standi traustum fótum hvað snertir fjölda félagsmanna, árangur í keppnisíþróttum, aðstöðu til æfinga og keppni, fjárhagslega stöðu og annað það sem leggur grunn að umfangsmiklu og gifturíku starfi.

Breiðablik starfi þannig á fullbyggðu félagssvæði sem anni eftirspurn eftir aðstöðu til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar og útiveru, unglíngastarf sé öflugt, árangur meistaraflokka í fremstu röð, reglubundin skráning sögulegra verðmæta innbyggð í dagleg stjórnunarstörf og félagið í sviðsljósinu, sem hvort tveggja í senn stærsta íþróttafélag Kópavogs og eitt sterkasta íþróttafélag landsins. Breiðablik sé félag allra aldurshópa, skemmtilegt, menningarlegt og gefandi fyrir félagsmenn, með virkt stjórnkerfi sem misbýður ekki vinnuskyldu sjálfbóðaliða í stjórnunarstörfum heldur veitir þeim eins og öðrum Breiðabliksmönnum ánægju af starfi sínu innan félagsins.

Það er framtíðarsýn stjórnenda Breiðabliks að félagið hafi glæsta og áferðarfalllega ímynd og að saga þess sé hverju sinni saga sameiginlegra sigra í leik og starfi þeirra félagsmanna sem fylkja sér saman undir merkjum Breiðabliks.

## Markmið

### #1. Þjónustusvæði

Það er markmið Breiðabliks að starfa að íþrótt-, tómstunda- og félagsmálum í Kópavogi á þann hátt að sem flestir bæjarbúa geti með einhverjum hætti notið góðs af.

### #2. Þjónusta

Það er markmið Breiðabliks að veita félagsmönnum sínum og bæjarbúum fyrsta flokks þjónustu á sviði íþróttar og útiveru. Í þeim efnum verði fjölbreytni höfð að leiðarljósi, jafnt í keppnis- sem almenningsíþróttum. Það er jafnframt markmið Breiðabliks að innan vébanda félagsins ríki andrúmsloft víðtækrar samheldni og leikgleði þannig að félagsmenn njóti þess að vera saman, starfa saman, æfa saman og keppa undir merkjum félagsins. Breiðablik mun beita sér fyrir því að innan þess geti börn og unglíngar starfað óháð efnahag.

### **#3. Aðstaða.**

Það er markmið Breiðabliks að tryggja sem flestum aðstöðu til hollrar hreyfingar eða æfinga og keppni á vegum félagsins. Félagssvæðið sé því jafnt opið félagsmönnum til æfinga og keppni, sem Kópavogsbúum til almennrar íþróttaiðkunar og útiveru. Félagið mun kappkosta að mæta eftirspurn í þessum efnum eins og frekast er unnt.

### **#4. Gæði.**

Það er markmið Breiðabliks að sinna hverju því verkefni sem félagið tekst á hendur af vandvirkni og að sú þjónusta sem félagsmenn eða aðrir greiða fyrir standist kröfur um gæði og samkeppnishæfni. Það er jafnframt markmið Breiðabliks að ná í hverri keppni eins góðum árangri og frekast er unnt, að Breiðabliksmenn séu félaginu og Kópavogi til sóma í leik og starfi og að Breiðablik hasli sér völl sem leiðandi félag á sínu sviði.

### **#5. Kynningarstarf.**

Það er markmið Breiðabliks að standa þannig að kynningarmálum sínum í Kópavogi að þátttaka í starfi félagsins sé sem víðtækust og stuðningur við daglegan rekstur þess sem öflugastur. Hvers kyns útgáfustarf, samkomur eða annað sem gert er í nafni félagsins til kynningar eða fjáröflunar skal vera með þeim hætti að Breiðabliki sé sómi af.

### **#6. Fjármál.**

Það er markmið Breiðabliks að rekstur félagsins byggi á traustum fjárhagslegum grunni svo stöðugt megi bæta þá þjónustu og aðstöðu sem félagið lætur í té.

### **#7. Stjórnun.**

Það er markmið Breiðabliks að halda stjórnkerfi sínu virku og boðleiðum þess stuttum. Auk þess sem stjórnun félagsins miðast við skilvirkni í innri starfsemi er það stefna Breiðabliks að eiga gott samstarf við bæjarbúa, bæjaryfirvöld, fyrirtæki og félagasamtök í Kópavogi. Félagið mun einnig leitast við að vera virkur þátttakandi í störfum lands- og sérsambanda íþrótt- og ungmennafélaga um land allt.

## **Leiðir og verkefni**

Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeim leiðum sem félagar í Breiðabliki eru sammála um að fara til að nálgast þau markmið sem sett hafa verið fram hér að framan. Hér er einnig getið þeirra verkefna sem nú eru fyrirsjáanleg og tengjast þeim leiðum sem farnar verða. Leiðir og verkefni eru flokkuð eftir markmiðum. Til aðgreiningar frá leiðunum eru verkefnin feitletruð.

## **1. Þjónustusvæði**

Breiðablik er íþróttafélag Kópavogsbúa og leitast við að gefa Kópavogsbúum, ungum sem öldnum, tækifæri til íþróttaiðkunar við fyrsta flokks skilyrði. Breiðablik leggur áherslu á þjónustu við Kópavogsbúa hvar sem þeir eru búsettir, en býður aðra íþrótt- og útivistarmenn nær og fjær velkomna til leiks og starfa.

*Rekstur eigin mannvirkja*



Breiðablik hafi starfsemi í tengslum við og í eigin mannvirkjum í Bláfjöllum og Kópavogsdal.

*Starfsemin víða*

**Auk starfseminnar í Bláfjöllum og í Kópavogsdal verði bæjarbúum boðin þjónusta í sundlaugum og öðrum íþróttamannvirkjum í Kópavogi. Sérstök áhersla verði lögð á tengingu við þau íþróttamannvirki sem eru að rísa í nýjum hverfum bæjarins.**

## **2. Þjónusta - félagsstarf**

*Fjölbreytt íþróttastarfsemi*

Innan Breiðabliks verði lögð áhersla á fjölbreytta íþróttastarfsemi fyrir alla aldurshópa af báðum kynjum.

Breiðablik lítur á hlutverk sitt sem þrjúþætt:

Uppeldishlutverk og ungmennastarf:

Breiðablik vill gefa börnum og unglingum í Kópavogi kost á íþróttaupveldi í hæsta gæðaflokki við fyrsta flokks aðstæður. Breiðablik leggur mikla áherslu á að ráða til starfa hæfa þjálfara og leiðbeinendur sem eru vel að sér um það viðkvæma ferli sem íþróttaupveldi barna og unglinga er. Lögð verður áhersla á að veita öllum börnum og unglingum sem til félagsins leita þjónustu við þeirra hæfi og að tryggja það að mismunandi líkamlegt atgervi valdi ekki mismunun þegar kemur að þjónustu og virðingu þeirri sem allir félagsmenn eiga heimtingu á að njóta af hálfu félagsins og þjálfara.

**Í þessu skyni mun Breiðablik bjóða þjálfurum, stjórnendum deilda og starfsfólki upp á árleg námskeið þar sem kynntir eru þeir stjórnsýslu- og samskiptahættir sem ætlast er til að aðilar á vegum félagsins tileinki sér. Hugsanlegt er að vinna megi þessi námskeið í samvinnu við ÍSÍ, UMFÍ eða önnur íþróttafélög og íþróttasambönd. (Sjá nánar í kaflanum um gæðamál og í gæðahandbók félagsins.)**

Breiðablik mun beita sér fyrir því að börn og unglingar geti starfað innan félagsins óháð efnahag foreldra eða forráðamanna. **Leitað verði eftir samstarfi við bæjaryfirvöld til að ná þessu markmiði.**

**Starfræktur verði, hér eftir sem hingað til, íþróttaskóli allt árið fyrir yngstu aldurshópna í samvinnu allra deilda og skal lögð á það sérstök áhersla að samstarf deilda verði aukið með það fyrir augum að tryggja að börn innan félagsins fái sem víðtækasta reynslu af ólíkum íþróttagreinum og nái sem fjölbreyttustum hreyfiproska.**

Breiðablik fylgir stefnu ÍSÍ í að etja ekki börnum út í keppni fyrr en þau hafa aldur og proska til að standa frammi fyrir þeim áskorunum sem í keppni felst.

Íþróttaiðkun almennings:

Í stefnumótun félagsins segir: „Það er markmið Breiðabliks að veita félagsmönnum sínum og bæjarbúum fyrsta flokks þjónustu á sviði íþróttu og útiveru. Í þeim efnum verði fjölbreytni höfð að leiðarljósi, jafnt í keppnis- sem almenningsíþróttum.“

Í markmiðssetningu félagsins frá 1993 stendur: „Sérstök deild „Íþróttir fyrir alla“ verði starfrækt í nánum tengslum við frjálsíþróttu-, skíða- og sunddeild.“

Afar mikilvægt er að tryggja greiðan aðgang almennings í Kópavogi að þjónustu, mannvirkjum og þekkingu sem Breiðablik hefur yfir að ráða. **Í því skyni og til að framfylgja markmiðssetningu og fyrri stefnumótun verði**



**starfrækt Almenningsíþróttadeild, sem hafi ofangreint að markmiði og starfar í nánú samráði við aðrar deildir félagsins. Leitast verði við að henni verði komið á fót ekki síðar en vorið 2002.**

Keppnis- og afreksíþróttir:

Á afmörkuðum sviðum íþróttaiðkunar ætla Breiðablik að halda úti meistara- og keppnisflokkum og afreksfólki sem stefnir að glæstum sigrum í viðkomandi íþróttagreinum. Breiðablik gerir miklar kröfur til þeirra einstaklinga sem keppa undir merkjum félagsins og að sama skapi heitir félagið því að veita keppendum þjónustu, aðstöðu, aðbúnað og þjálfun eins og best gerist á Íslandi.

Framkvæmd og rekstur keppnisgreina skal vera í höndum stjórna og meistaraflokksráða einstakra deilda, en eftirlit með því að skyldum félagsins við keppendur sé sinnt skal vera á höndum aðalstjórnar Breiðabliks, sem jafnframt fer með eftirlit með fjárhag einstakra deilda.

Starfræktar verði eftirtaldar deildir með æfingu og keppni í huga:

- Frjálsíþróttadeild
- Handknattleiksdeild
- Karatedeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuknattleiksdeild
- Skíðadeild
- Sunddeild

Stoðdeildir

Efla skal enn frekar starfsemi stoðdeilda félagsins til að treysta víðtæka samheldni og ánægjulegt samstarf.

**Verksvið stoðdeilda verði skilgreint eftir því sem ástæða er til og vakin athygli á starfsemi þeirra.**

Öflugt félagslíf

Aðalstjórn félagsins skal stuðla að bættri ímynd félagsins með ýmsum samkomum hjá félaginu og bjóða sérstaklega bæjarfulltrúum, starfsmönnum bæjarins, skólamönnum og íþróttakennurum.

**Stefnt skal að því að halda BLIKADAG einu sinni á ári að vori á félagssvæði Breiðabliks og verði hann í umsjón aðalstjórnar í samvinnu við einhverja deildina, breytilegt frá ári til árs.**

Árshátíð og áramótabrenna verði fastir liðir í starfi félagsins.

**Stefnt skal að því að halda árshátíð á laugardegi sem næst afmæli félagsins 12. febrúar.**

**Félagið haldi áramótabrennu í samvinnu við Hjálparveit skáta og Kópavogsbæ.**

Aukinn félagsþroski

*Áhersla á unglingsstarf*

Unglingsárin eru viðkvæmur tími í lífi sérhvers einstaklings og sýnt er að á þeim árum hverfa margir frá íþróttaiðkun. Breiðablik vill leggja sérstaka áherslu á að standa þétt við bakið á félögum sínum á þessum mótunartíma og tryggja að sem allra flestir unglingar haldist við íþróttaiðkun. **Félagið kynni sér sérstaklega ástæður þessa brottfalls og finni leiðir til að draga úr því.** Heilbrigð sál í hraustum líkama.



*Eldri félagsmenn*

**Breiðablik leggur mikla áherslu á að fá inn í félagið „eldri“ félagsmenn, sem af ýmsum ástæðum hafa orðið viðskila við félagið og skal það vera eitt af sérstökum verkefnum Almenningsíþróttadeildar.**

*Jafnrétti*

Sérstök áhersla verði lögð á að fá iðkendur af báðum kynjum til þátttöku í íþróttum og félagsstarfi. **Í því skyni setji félagið sér markmið í jafnréttismálum með sérstakri jafnréttisstefnu sem mótuð skal og samþykkt á aðalfundi félagsins.**

### **3. Aðstaða**

Aðstaða til íþróttaiðkunar er óvísða betri á Íslandi en á félagssvæði Breiðabliks í Kópavogsdal og í Bláfjöllum. **Þó þarf að gæta sérstaklega að því að íþróttamannvirki í Kópavogi standist staðla sem gilda í alþjóðlegri keppni.**

Þau mannvirki sem reist hafa verið fyrir tilstuðlan bæjaryfirvalda í Kópavogi eiga að nýtast sem flestum Kópavogsbúum og lítur Breiðablik á það sem sitt hlutverk að bjóða bæjarbúum þjónustu sína svo að til heilla horfi fyrir þá alla.

Breiðablik leggur metnað sinn í að standa þannig að rekstri þeirra mannvirkja sem félaginu er treyst fyrir af bæjarfélaginu að Breiðabliki sé sómi af. Daglegum rekstri skal sinnt af fagmennsku og umgengni skal vera til fyrirmyndar.

Til að svo megi verða er ekki nóg að treysta á launað starfsfólk, heldur verða félagsmenn að leggja sitt af mörkum. **Því skal a.m.k. einu sinni á ári verða hreinsunardagur Breiðabliks í Kópavogsdal og á svæðinu við skíðaskála Kópavogsbúa í Bláfjöllum og enn fremur gróðursetning þar sem við á í samráði við bæjaryfirvöld.**

### **4. Gæði**

*Ráðning starfsfólks.*

Til að bæta og styrkja aðstöðu starfsfólks, þjálfara og aðstoðarmanna þeirra og gera til þeirra kröfur í samræmi við þá aldurshópa sem verið er að þjálfa

það er stefna Breiðabliks að vera með menntaða þjálfara, íþróttakennara í öllum flokkum og deildum. (Grunnnámskeið ÍSÍ).

**Gerðir verði staðlaðir samningar við alla sem starfa fyrir félagið og komi þar fram til hvers er ætlast af þeim varðandi starfið hverju sinni og hvert markmið hverrar deildar félagsins er.**

**Starfsfólk fái nauðsynlega þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.**

*Dómarar*

Breiðablik leggi sig fram um að hafa ávallt í sínum röðum og úr öllum deildum vel menntaða og þjálfaða dómara.

**Stjórnir deilda leitist við að fá þá leikmenn sem eru að hætta keppni og aðra álitlega félaga til að sinna dómarastörfum.**

**Komið verði á samstarfi við dómara einstakra deilda og haldin dómara námskeið.**

*Aðstaða áhorfenda og fréttamanna.*



Leitast skal við að veita áhorfendum sem besta aðstöðu til að fylgjast með Breiðabliki í keppni. Leggja skal áherslu á gott samstarf við fjölmiðla, meðal annars með því að útbúa góða aðstöðu fyrir fréttamenn og vanda til þjónustu við þá.

**Við gerð mannvirkja skal hugað að góðri áhorfenda- og hreinlætisaðstöðu og vandaðri vinnuaðstöðu fyrir fréttamenn, þannig að þeir geti sinnt starfi sínu á fullnægjandi hátt.**

**Fyrir leiki og aðrar samkomur skulu upplýsingar svo sem leikskýrslur liggja frammi og starfsmenn og stjórnendur skulu ávallt vera liprir í sambandi við upplýsingar frá félaginu. Þá skal uppfæra allar fréttir og úrslit leikja/keppni um leið og þær berast, á heimasíðu félagsins.**

Starfsmenn og keppendur skulu leggja sig fram um kurteislegt og þægilegt viðmót gagnvart áhorfendum, dómurum og blaðamönnum.

**Sérstakt átak skal gert varðandi framkomu við dómara og andstæðinga og mikið lagt upp úr því að keppendur og stuðningsmannahópar á vegum Breiðabliks verði ávallt í öllum keppnisgreinum í hópi hinna þrúðustu.**

*Samræma útlit*

**Aðalstjórn skal leitast við að samræma útlit búninga og alls kynningarefnis Breiðabliks.**

## **5. Kynning**

*Fjölbreytt útgáfustarfsemi*

Áhersla er lögð á að kynna starfsemi Breiðabliks með fjölbreyttri útgáfustarfsemi. Efla skal kynningarstarf Breiðabliks til muna og gera merki félagsins sýnilegra í bæjarfélaginu.

**Aðalstjórn skal skipa einn úr sínum hópi sem útgáfustjóra og skal hann hafa yfirsýn yfir það kynningarefni sem frá félaginu kemur og sjá til þess að allt það sem kemur fyrir almenningssjónir frá félaginu sé unnið af fagmennsku. Fyrsta verkefni útgáfustjóra skal vera að yfirfara alla þá hluti sem seldir eru með merki og nafni félagsins, húfur, trefla, fána, merki o.s.frv. og sjá til þess að bæta aðgengi að slíku efni. Æskilegt væri að allt slíkt efni væri til sölu í húsnæði félagsins. Huga skal sérstaklega að gerð merkis á bílnúmer hið fyrsta og dreifa því sem víðast.**

**Pungamiðja kynningarstarfs félagsins færir í æ ríkari mæli inn á vefsíðu þess [www.breidablik.is](http://www.breidablik.is) og skulu allar upplýsingar um félagið, æfingatíma, keppni, úrslit o.s.frv. færðar inn á hana. Nauðsynlegt er að fastráðinn starfsmaður félagsins sjái um að uppfæra helstu upplýsingar og kalla eftir efni á vefinn frá deildum í samráði við útgáfustjóra. Æskilegt er að vefurinn verði vandlega endurskoðaður með það að markmiði að hann verði glæsilegur, aðgengilegur og lifandi vettvangur fréttu, upplýsinga og skoðanaskipta innan félagsins.**

Aðalstjórn og deildir skulu leggja sig fram um að hafa góð tengsl við forystufólk í bæjarlífi og aðra velunnara félagsins til að auka skilning á starfseminni og laða menn að félaginu.

**Starfsmenn félagsins skulu halda skrá um viðkomandi aðila og sjá til þess að þessum vilja félagsins sé framfylgt.**



*Fundir með foreldrum*

**Fundir skulu haldnir reglulega með foreldrum til að upplýsa þá um þjálfun barna þeirra og starfið í Breiðabliki.**

*Tengsl við fjölmiðla*

Breiðablik skal leitast við að koma á öflugri tengslum við fjölmiðla og skal útgáfustjóri annast stefnumótun í því skyni.

## **6. Fjármál**

Breiðablik og einstökum deildum þess, ber að færa bókhald og standa skil á ýmsum gjöldum og skilafé til hins opinbera, íþróttasambanda auk ýmissa annarra aðila, í samræmi við reglur og leiðbeiningar um bókhald og meðferð fjármuna frá 30. apríl 1999. Félagið skal ástunda markviss og fagleg vinnubrögð við bókhald og uppgjör félagsins og stefna að því að vera til fyrirmyndar í þessum efnum. Félagið skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum tölvu- og bókhaldshugbúnaði, hafa starfandi bókara og koma á samstarfi við löggiltan endurskoðanda. Stjórnir einstakra deilda bera á hverjum tíma ábyrgð á rekstri deilda sinna og skulu tryggja að útgjöld séu í samræmi við tekjur. Aðalstjórn skal hafa eftirlit með fjárhag deilda og annarra starfseininga félagsins og gera samstæðureikning fyrir félagið, sem endurskoðaður er og áritaður af löggiltum endurskoðanda

## **7. Stjórnun**

*Virk stjórnsýsla.*

*Stjórnkerfi Breiðabliks verði virkt og boðleiðir stuttar.*

Breiðablik er stórt og fjölbreytt félag og stjórnkerfi þess að mörgu leyti sundurlaust og flókið. Stytta þarf boðleiðir og tryggja framkvæmd þeirra markmiða sem aðalstjórn félagsins setur. Framkvæmdastjórn félagsins, sem í sitja fimm aðilar skipaðir af aðalstjórn, sem samkvæmt hefð eru formaður félagsins, varaformaður, ritari og gjaldkeri auk framkvæmdastjóra, skal leitast við að auka samráð við forystu þeirra deilda sem í eldínunni eru á hverjum tíma með því að kalla til á fundi sína forystumenn deilda og starfsmenn þeirra eftir því sem þurfa þykir. Stjórninni ber að fylgjast með að dagleg framkvæmdastjórn sé skilvirk og að félagsmenn og aðrir bæjarbúar eigi greiðan aðgang að upplýsingum og þjónustu.

Æskilegt er að allir launaðir starfsmenn félagsins séu ævinlega sérstaklega vel upplýstir um þau verkefni sem fyrir liggja.

**Í þessu skyni þyrfti hugsanlega að taka upp reglulega fundi framkvæmdastjórnar með starfsmönnum félagsins.**

**Aðalstjórn skal fylgjast vel með starfsemi deilda og grípa til ráðstafana ef stefnir í óefni.**

**Mikilvægt er að stjórnarmönnum, starfsmönnum, þjálfurum og iðkendum sé kynnt gæðahandbók félagsins, sem ætluð er þessum aðilum til leiðsagnar um það hlutverk sem hverjum aðila er ætlað að gegna.**

*Þátttaka í störfum lands og héraðssambanda.*

Breiðablik skal vera virkur þátttakandi í störfum lands- og sérsambanda íþróttá- og ungmennafélaga. Félagið telur að stefna beri að sameiningu ÍSí



og UMFÍ. Eins vill Breiðablik láta reyna á samstöðu íþróttafélaganna í Kópavogi til að stofna sérstakt íþróttabandalag í Kópavogi.

### Gagnaöflun

Félagaskrá Breiðabliks á að vera á sameiginlegum gagnagrunni, og söguritun félagsins þarf að koma í fastan farveg.

### *Félagaskrá*

Félagaskrá á að bæta og auðvelda deildum að keyra út upplýsingar um sína félagsmenn og iðkendum.

**Til að tryggja viðhald gagnagrunnsins skulu deildirnar skila reglulega inn félagatali, með nafni félagsmanns og kennitölu, þannig að skráin sé ætíð rétt.**

### *Afrekaskrá*

**Í tengslum við félagatalið skal þátttöku- og afrekaskrá félagsins komið á fót og viðhaldið.**

### *Söguritun og myndaöflun*

Söguritun og myndaöflun skal vera á ábyrgð sögunefndar sem þegar er starfandi. **Unnið skal að útgáfu á sögu félagsins og skal að auki leitast við að hafa sem mestar upplýsingar um hana aðgengilega á vefsíðu Breiðabliks, [www.breidablik.is](http://www.breidablik.is)**

